



**49. fundur Heimastjórnar Djúpavogs  
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 2. maí 2024  
og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður, Ívar Karl Hafliðason varaformaður og Eiður Ragnarsson fulltrúi sveitarstjóra.

**Fundargerð ritaði:** Eiður Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjóra

**Dagskrá:**

**1. 202404017 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2025 - 2028**

Heimastjórn leggur til að gerður verði göngustígur í samræmi við óskir íbúa síðustu ár, frá leikskóla framhjá húsinu Hammersminni að íþróttasvæði/leiksvæði í Blánni.

Einnig að skoðaður verði að stígur frá tjaldsvæði sem tengist þessum stíg í ljósi mikillar umferðar ferðamanna á sumrin.

Gangstéttar meðfram umferðargötum eru víðast hvar mjög mjóar og í slæmu ásigkomulagi og bera þær ekki umferð gangandi þegar mest er. Verður það til þess að gangandi eiga það til að ganga á götunni við hlið gangstéttar með tilheyrandi hættu fyrir þá og óþægindi fyrir akandi umferð.

Með þessum stígum opnast á gönguleið frá miðsvæði (viðkomu skemmtiferðaskipa) framhjá byggð sem ætti að minnka áreitið við heimahús. Einnig opnast möguleiki á að ferðamenn stoppi á plani við slökkvistöð og gangi í bæinn.

Falla þessi áform vel að áherslum framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og óskar heimastjórn eftir því að sótt verði um styrk í hann til að flýta fyrir þessari framkvæmd.

Fleiri áherslur heimastjórnar eru í fylgiskjali undir þessum lið.

**2. 202404146 - Eysteinsstofa**

Farið yfir málefni Eysteinsstofu í Löngubúð.

Starfsmanni falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.



### 3. 202404069 - Bætt aðstaða í Djúpavogshöfn

Heimastjórn líst mjög vel á framkomnar hugmyndir. Heimastjórn telur einning mikilvægt að samhliða þessari framkvæmd verði unnið að endurbótum á aðstöðu til olíuáfyllingar smábáta, ásamt því að endurbyggja aðstöðu fyrir landtöku smábáta á sama stað.

Heimastjórn hefur áður bent á þörfina fyrir endurbætur á aðstöðu til landtöku á fundi (11.08.2022) og einnig hefur Umhverfis- og framkvæmdaráð fjallað um sama mál á fundi (03.10.2022, mál nr.202208029).

Heimastjórn vísar erindinu til Umhverfis- og framkvæmdaráðs sem fer með málefni hafna Múlapings til frekari vinnslu.

Samþykkt samhljóða

### 4. 202402192 - Fiskeldissjóður, umsóknir 2024

Úthlutun Fiskeldissjóðs var 39.646.000.- en sótt var um í endurbætur á slökkvistöð, til að koma upp þjónustumiðstöð fyrir Djúpavog og um endurbætur í íþróttamiðstöð Djúpavogs. Alls var sótt um 151 milljón í þessi verkefni.

Heimastjórn telur mikilvægt að endurskoða áætlanir um þessi verkefni í ljósi þess hve lág styrkúthlutunin er.

### 5. 202202045 - Íbúafundur Heimastjórnar Djúpavogs.

Fyrirhugaður íbúafundur heimastjórnar verður á Hótel Framtíð miðvikudaginn 08. maí 2024 kl. 17:00 - 19:00.

Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn Múlapings verði á fundinum, ásamt sveitarstjóra, formanni umhverfissviðs og framkvæmastjóra HEF.

Heimastjórn hvetur íbúa til nýta tækifærið og fjölmenna á fundinn.

### 6. 202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi

Hitaveita: Borun var hætt í byrjun apríl. Borað var niður á 800 metra en ekki fannst vatn í þessari atrennu.

Fráveita: Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við fráveitu að Langatanga hefjist í byrjun maí.

Vatnsveita: Vel gekk að bora eftir köldu vatni inn við Búlandsá og er HEF að vinna í því að koma þeim holum í nýtingu sem allra fyrst, þannig að hægt sé að leggja af vatnsbólíð inn á Búlandsdal.

Gleðivík: Búið er að bjóða út gangstétt við Egginn í Gleðivík. Gert er ráð fyrir lagfæringu á aðstöðu og aðgengi við egginn samhliða þeirri vinnu. Styrkur að upphæð 28.546.000.- fékkst til úrbóta á svæðinu frá Uppbyggingarsjóði ferðamannastaða, til að bæta aðgengi og tryggja öryggi á svæðinu.

Faktorshús: Opnað var á síðasta vetrardag og þykir bæði heimamönnum og gestum vel hafa tekist til með framkvæmdina og almennt mikil ánægja með að líf



sé komið í Faktorshúsið.

Samfélagsverkefni heimastjórna: Búið er að panta "aparólu", afgreiðslutími er 6-8 vikur.

Hammondhátíð: Tókst með afbrigðum vel, var vel sótt og utanhátíðardagskrá var veglegri en nokkru sinni fyrr.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:35**

